

Nú starfa tuttugu og fimm félagsráðgjafar á Félagsmálastofnun Reykjavíkur beinlínis við meðferð barnaverndarmála á hverfaskrifstofum, við sérverkefni á sviði forsjár og fósturmála, við vistheimili eða við unglingadeild. Að auki starfa sex aðrir félagsráðgjafar í móttökuhópum á hverfaskrifstofum og eru barnaverndarmál verulegur hluti af viðfangsefnum þeirra. Mér telst til að í það minnsta átján félagsráðgjafar á tólf stöðum utan Reykjavíkur starfi að barnaverndarmálum ásamt öðrum verkefnum á félagsmálastofnunum. Einn félagsráðgjafi hefur haslað sér völl sem verktaki fyrir barnaverndarnefndir og loks ber að minna á rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur á barnavernd og félagsráðgjöf (profesjonelt soc. arb.)²⁾ sem er ein fárra (e.t.v. sú eina) íslenskra rannsókna á starfi félagsráðgjafa. Alls munu því um fimmtíu félagsráðgjafar vinna á þessum vettvangi og tel ég víst að enginn einn málaflökkur hafi fleiri félagsráðgjafa á sínum snærum.

Rétt er að hafa í huga að engin önnur starfsstétt hefur haslað sér völl á þessu verksviði svo nokkru nemur. Prestar sátu þó í barnaverndarnefndum frá öndverðu og sitja víða enn úti á landsbyggðinni. Prestafélag Íslands tilnefndi fulltrúa í Barnaverndarráð Íslands fram til 1966. Sálfræðingarhófu strax vinnu fyrir barnaverndarnefndir er þeir komu til starfa hér á landi og hafa komið inn í barnaverndarmál í vaxandi mæli á undanföllum árum. Þrír sálfræðingar hafa skrifað ítarlega grein um störf sálfræðinga í barnaverndarmálum³⁾ sem bendir til að þeir vilji auka hlut sinn þar í framtíðinni. Brýnt er að hefja umræður um samstarf og verksvið hvortar stéttar fyrir sig. Þá hafa aðrar stéttir, svo sem barnahjúkrunarfræðingar og heilsuverndarhjúkrunarfræðingar, látið til sín taka í umræðum um illa meðferð á

börnum, sbr. nýafstaðna ráðstefnu um þau mál.

Við félagsráðgjafar sem störfum að barnaverndarmálum getum ekki kvartað undan því að okkur sé ekki sýnd athygli. Sögupersónan í nýársleikriti Nínu Bjarkar Árnadóttur í sjónvarpinu fyrir tæpum tveimur árum var félagsráðgjafi sem stóð frammi fyrir erfiðustu ákvörðun, sem nokkur getur tekið, þ.e. að ákvarða hvort taka skuli barn af móður. Ég lét liggja á milli hluta hvemig hún komst frá þeirri raun, allt frá óvenju innilegum samskiptum uppi á eldhúsborði til útrásar við Drekkingshyl í Öxará, en vil hér minna á að áhorfandinn fékk mynd af félagsráðgjafa sem bæði ákvað og framkvæmdi hinn örlagaríka gjöming. Hún var ein um allt málið, bar alla ábyrgð. Ég minnst þess ekki heldur að blaðaskrif um félagsráðgjafa hafi verið fyrirferðarmikil utan það að þeir hafa mátt sitja undir þungum áburði í blaðagreinum vegna barnaverndarmála.

Það er torveldur línudans sem félagsráðgjafar í barnaverndarmálum verða að stíga. Þeir eiga að vernda börn, sem búa við hættulegar aðstæður, án þess að misbeita valdi sínu. Þeir eiga að mynda samband við fjölskyldumar en halda jafnframt hæfilegri fjarlægð til að geta lagt hlutlægt mat á hvað barninu er fyrir bestu. Þeir verða að þróa með sér færni og þekkingu en setta sig við að hafa takmarkaða stjórn á nauðsynlegum úrræðum og fjármagni til að ráða fram úr verkefninu.

Grundvallarviðhorf

Hér eru ekki efni til að fara mörgum orðum um undirstöðumenntun félagsráðgjafa enda mun hún áheyrendum kunn. Efnisins vegna er þó nauðsynlegt að minna á að í

félagsráðgjafanáminu skipar mótun viðhorfa ríkari sess en í menntun margra annarra stétta. Í menntun sinni skulu félagsráðgjafar hafa til einkað sér tiltekna afstöðu, viðhorf eða faglega hugmyndafræði sem svo mætti kalla.

Þessi viðhorf felast m.a. í:

1. Virðingu fyrir einstaklingnum og sérkennum hans.
2. Virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti hans - einnig eftir að hann verður skjólstæðingur.
3. Forðast er að dæma skjólstæðinginn, síða hann eða vanda um við hann.
4. Algjör trúnaður skal haldinn við skjólstæðinginn.
5. Aðstoð skal veitt þannig að hún niðurlægi ekki skjólstæðinginn og sé án siðferðilegra skilyrða.
6. Ekki er ráðskast með skjólstæðinginn og eftirlit með honum og lífsháttum hans skal vera í lágmarki þótt aðstoð sé veitt.
7. Áhersla er lögð á hjálp til sjálfs-hjálp.
8. Lögð er áhersla á upplýsingu, leiðbeiningu og meðferðarvinnu fremur en beina stýringu.⁴⁾

Félagsráðgjafar eru ekki einir um þau viðhorf sem hér hafa verið tfunduð því að flestir sem vinna á sviði ráðgjafar eða meðferðar byggja á sömu eða svipuðum viðhorfum. Fullyrða má að í hnotskum sé hér um að ræða grundvallarviðhorf sem liggja að baki í flestallri meðferð.

Auk þess, sem hér hefur verið talið upp og félagsráðgjafar eiga meira og minna sameiginlegt með öðrum, virðist sem þeir leggi yfirleitt meiri áherslu á að skoða mál skjólstæðingsins út frá heildarsjónarmiði/heildarsýn og að menntun þeirra ýti undir gagnrýnið samfélagslegt viðhorf.

Skjólstæðingur félagsmálastofnunar á rétt á því að félagsráðgjafinn sé maður sem hefur ræktað með sér samúð og skilning og þjálfað með sér hæfni til að skapa traust, vinna úr tortryggni og efla vilja skjólstæðings til breytinga. Það er réttur skjólstæðinga að starfsmenn taki á málum þeirra af kunnáttu og skilningi á tengslum skjólstæðings og starfsmanns. Vinnubrögð starfsmannsins eiga að mótast af þekkingu á úrræðum og virðingu fyrir réttindum skjólstæðingsins.

Ekki eru einasta gerðar kröfur um þekkingu, færni og viðhorf til starfsmannsins heldur einnig kröfur um persónulega eiginleika. Um það leyti sem frumherjar íslenskra félagsráðgjafa voru að skrifa úr akademískum hreiðrum sínum í Skandinavíu setti ameríska barnaverndarsambandið fram einskönar kröfulýsingu fyrir starfsmenn sína í barnaverndarmálum:

„Félagsráðgjafinn skal vera heilsteypur maður, gæddur hlýju, þroska og ráðvæðni, réttisýnn og glöggskyggn með frjótt hugarflug og sköpunargáfu, sveigjanlegur... m.m. Hann (svo!) skal fær um að fella trausta dóma og framkvæma þá. Hann verður að njóta þess að vera með börnum og gefa af sjálfum sér í lifandi samskiptum við þau. Hann verður að vera nægilega þroskaður persónuleiki til að veita og fylgja eftir hjálp við hinar ýmsu lífsaðstæður sem þrúgnar eru mikilvægum tilfinningum.“

Ekki er erfitt að gera sér í hugarlund að svo dyggðum þrygður maður búi einnig yfir réttum viðhorfum til meðferðar sem einkennast m.a. af:

- Innlifun.
- Skilningi.
- Sveigjanleika.
- Hlýju.
- Nálægð.
- Hreinskilni.
- Hæfni til að setja mörk.

Barnavernd/vald foreldra

Nú hlýtur sú spurning að vakna hvort þessi viðhorf eigi við eða geti samrýmt barnaverndarstarfi vegna þess að það líkist að sumu leyti starfi lögreglu, lögfræðinga og dómara fremur en meðferðarstarfi. Barnaverndarstarfið hvílir ekki einasta í umgjörð laga, eins og er t.d. um lækningar og félagsráðgjöf á sjúkrahúsi eða sálfræðistörf og félagsráðgjöf í skólum, heldur snýst það beinlínis um framkvæmd laga: rannsókn á grun eða vísbendingu og undirbúning á úrskurðum og framkvæmd þeirra.

Orðalag barnaverndarlaga gefur einnig tilefni til að ályktað sé sem svo að ráðskast skuli með börn og fullorðna, þeim veittar áminningar, haft með þeim eftirlit, annmarkamanni komið brott af heimili, framferði foreldra ábótavant o.s.frv. Spurningin vaknar líka vegna þess að valdaaðstöðu nefndar og starfsmanns gagnvart barni og foreldrum þess verður ekki afneitað enda snýst barnaverndarstarf í eðli sínu um vald og skerðingu þess með öðru valdi, þ.e.a.s. vald foreldra yfir börnum sínum og skyldu (eða rétt) samfélagsins til að skerða þetta vald, afnema það og taka við því við tilektnar aðstæður. Orðalagsbreyting í barnalögum frá 1981 og lögfræðisögum frá 1984, þar sem farið er að nota orðið forsjá í stað forræði og foreldravald í eldri lögum, sýnir að vísu vilja til að gera hlut barna stærri, a.m.k. í orði, en er líka til þess fallin að dylja og fela raunverulega valdaafstöðu foreldra og barna og foreldra og barnaverndaryfirvalda.

Réttur barna til sérstakrar verndar kallar á skyldu samfélagsins til að takmarka foreldravaldið með öðru og sterkara valdi.

Beitingu valds fylgir svo önnur grundvallarafstaða en lýst var hér að framan. Meðal helstu einkenna valdbeitingarviðhorfa eru:

- Strangleik (Stífni).
- Skýrar reglur (Orðhengilsháttur).
- Stjórnun (Ráðskast með).
- Flokkun (Stimplun, dómsýki).
- Röggsemi (Ráðræki).
- Fjarlægð (Tilfinningaleysi).
- Allir metnir eins (Tillitsleysi).
- Skrifleg málsmeðferð (Skrifinnaska).

Ég legg áherslu á að þessi orð eru hér notuð í fremur hlutlausri merkingu þótt það sé vandasamt vegna máls og máltilfinningar. Líklega er það eðli flestra góðra manna, er hugsa á íslensku, að hneigjast frekar til afstöðu gegn valdinu og munu merkingar skyldar þeim, sem settar eru í sviga, flestum tímari.*

Ég ætla nú að stytta mér leið og slá því föstu hér, hvað sem valdinu líður, að sem fagmenn leggjum við áherslu á að skilgreina sérstöðu okkar í barnaverndarstarfi út frá þeim meðferðarviðhorfum sem áðan voru tífunduð og byggja á virðingu fyrir einstaklingunum sem barnaverndarlögin skylda okkur til að hafa afskipti af. Fyrst mun ég þó víkja að þætti félagsráðgjafans í barnaverndarstarfinu.

Þáttur félagsráðgjafans

Hér eins og annars staðar þar sem aðferðarfræði er beitt hefur þótt

* (Margt bendir til að Íslendingar hneigist meira til frjálsslyndrar íhaldssemi en aðrar síðar þjóðir. Karri þar nokkru að ráða að afskiptasamar stéttir eins og félagsráðgjafar, sem byggja tilveru sína þar að auki á úþenslu hins opinbera kerfis og jafnvel miðstýringu, eiga nokkuð erfitt uppdráttar. Það breytir lítið þessari mynd þótt stór hluti stéttar vorrar hneigist fremur til að gefa ríkinu svipmót hinnar mildu, afskiptasömu móður en hins harða og afskiptasama föður!)

gagnlegt að skipta verkefnum eftir því á hvaða stigi málið er enda ræður staða þess miklu um hvað gert er á hverju stigi: ⁶⁾

Móttaka:

T.d. meðferð kær. (Sbr. 18. gr., 48. gr., 22. gr.)

Könnun:

Fyrsta heimsókn, öflun uppl. (16. gr.)

Mat og greining:

Fundur, skýrsla, greinargerðir o.s.frv. (23.-28. gr.)

Áætlun:

Samvinna við aðra.

Meðferð:

Stuðningur, úrskurður (26. og 32. gr.)

Málslok:

Koðnar málið niður?

Lokið vegna góðs árangurs?

Barn verður 16 ára?

(Tilvitnanir í svigum eru í greinar laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna).

Önnur greining á þætti félagsráðgjafans byggir fremur á hinum ýmsu verkefnum hans, þ.e. hvað hann er að gera, og sýnir vel hversu fjölþætt starfið er. ⁷⁾

Félagsráðgjafinn:

1. Gerir áætlun.
2. Fer með forráð máls.
3. Stundar meðferð.
4. Er málsvari.
5. Er vitni.

Öll þessi verkefni verður að leysa af hendi í hverju einasta barnavermálmáli. Á stórrí stofnun eins og Félagsmálastofnun Reykjavíkur er hægt að koma við einhverri verkaskiptingu en margt bendir til að heppilegast sé að sami starfsmaður sinni öllum þessum þáttum og sú er auðvitað raunin þar sem einn eða tveir starfsmenn vinna á stofnun. Ég mun víkja lauslega að hverju verkefni fyrir sig:

1. Í hverju máli þarf að vinna eftir áætlun, helst með tímamörkum. Áætlunargerðin felur í sér mat á stöðu og umhverfi fjölskyldunnar, hvort barninu er raunverulega hættu búin í umsjá foreldranna og hvort foreldramir geta breytt því sem að er. Setja þarf markmið með meðferðinni og ná samkomulagi við foreldra og aðra sem málið snertir.

2. **Forráð málsins.** Flest barnavermálmál fela í sér samvinnu nokkurra eða margra stofnana eða deilda innan sömu stofnunar, samhæfingu úrræða og starfsmanna auk þeirrar vinnu sem innt er af hendi af skjólstaðingnum og félagsráðgjafanum sérstaklega. Ljóst er að t.d. félagsmálastofnun ræður sjaldan ein yfir þeim úrræðum, sem beita þarf til lausnar í barnavermálmáli, og því mælir margt með að félagsráðgjafi, sem fer með forráð máls, líti á þetta sem aðalhlutverk sitt: Að samræma meðferð og semja um hvemig málið er unnið. Að meta hvemig fjölskyldunni hefur gengið að ná settu markmiði, (þetta þarf að gera í styðjandi og jákvæðu andrúmslofti). Að skipuleggja þátt annarra sem leggja eitthvað af mörkum til lausnar málinu. Að vísa skjólstaðingum á rétt úrræði og undirbúa hvemig tekið er á móti þeim. Að skipuleggja og stýra eftirliti o.s.frv.

3. **Meðferðin.** Hér er beinlínis átt við meðferðarstarf félagsráðgjafans, hvort sem miðað er að því að hjálpa foreldrum til að auka færni sína sem foreldrar, hjálpa foreldrum eða barni gegnum aðskilnað og sorg, hjálpa unglingum til að ná betri tókum á tilveru sinni og samskiptum við foreldra, félagana eða skóla, eða að ná öðrum meðferðarmarkmiðum.

4. **Málsvari.** Í barnavermálmálum þarf félagsráðgjafinn oft að taka að sér að vera málsvari eða talsmaður. Þetta er hefðbundið verkefni

félagsráðgjafa og engin tilviljun að lagt var til í öndverðu að social-raadgiver yrði kallaður ármaður á íslensku. (Ármaður gat til forna þýtt hvort sem var talsmaður eða umboðsmaður konungs, talsmaður þegnanna gagnvart konungi eða jafnvel vermdarengill!). Í barnavermálmálum, þar sem brýnt er að gera upp við sig hver er skjólstaðingurinn, barnið, foreldramir eða fjölskyldan, gerist það oft að félagsráðgjafar festast í þessu hlutverki þar eð þeir yfirsamsama sig einhverjum málsaðilanum. Verkefni talsmannsins geta falið í sér að krefjast og útvega rétta þjónustu fyrir fjölskylduna, þrýsta á barnavermálmálfundir, félagsmálaráð, yfirmenn eða aðrar stofnanir að skapa rétt skilyrði, tala máli foreldra, eigi að ganga á rétt þeirra, en fyrst og fremst að tala máli barnsins sem síst getur gert það sjálf.

5. **Vitnið.** Þetta er oft fyrirferðarmesta og tímafrekasta verkefnið í því kraðaki sem barnavermálmál er á stórum og yfirhlöðnum félagsmálastofnunum. Ég held þó að félagsráðgjafar skilgreini sig sjaldan sem vitni í barnavermálmálum heldur miklu fremur sem sambland af vitni, sækjanda, verjanda, dómara og fullnustudeild. Vitnisburður félagsráðgjafans – t.d. sem sérfræðilegs vitnis – felur m.a. í sér:

Að gefa nákvæma skýrslu um mikilvæga aiburði, aðdraganda og meðferð máls fyrir barnavermálmálfund.

Að vinna með barnavermálmálfundum, dómsmálaráðuneyti, lögfræðingum, öðrum sérfræðingum og stundum dómstólum eða lögreglu við að upplýsa mál og framkvæma úrskurði.

Að leggja fram upplýsingar fyrir barnavermálmálfund þannig að skýrt séu aðgreindar staðreyndir, persónulegt mat og fræðilegar niðurstöður ef því er að skipta.

Það virðist vera of algengur mis-
skilningur bæði hjá barnaverndar-
nefndum og sérfræðingum, hvort
sem um er að ræða sálfræðinga eða
félagsráðgjafa, að félagsráðgjafi
eigi að ákveða hvort barn skuli
áfram lúta forsjá foreldra eða ekki.⁹⁾
Lögum skv. ákvarðar barnavernd-
arnefnd þetta en félagsráðgjafinn
aflar gagna og skapar umræðu-
grundvöll til að nefndin geti rækt
starf sitt sómasamlega. Án þess að
ég vilji gera að umræðuefni
frammistöðu mína, nefndar þeirrar
sem ég á sæti í eða samstarfsmanna
minna hygg ég að hér skorti mark-
vissari greiningu verkaskiptingar.
Engin könnun önnur en naflaskoð-
un hefur þó farið fram á þessu en ef
þetta er rétt gefum við þeim byr
undir báða vængi sem ásaka barna-
verndarnefndir og starfsmenn þeirra
um sjálfðæmi og geðþóttaákværð-
anir í þessum málum.

Skilgreiningu á starfssviði félags-
ráðgjafans má í stuttu máli orða
þannig að hann standi frammi fyrir
tvíþættu verkefni:

a. Rannsókn sem hefur að mark-
miði að staðfesta eða afsanna vís-
bendingu eða grun um vanrækslu
eða misþyrmingar.

b. Að lokinni slíkrri rannsókn, sem
leitt hefur í ljós aðstæður sem geta
verið barninu skaðlegar, hefjast
aðgerðir, eftirlit eða varnaraðgerð-
ir, sem annað hvort miða að breyt-
ingum á höggum barnsins í fjölskyld-
unni eða að barnið er tekið úr
fjölskyldunni.

Tvöfeldni starfsins: Meðferð eða valdbeiting

Hvað einkennir svo samskipti
félagsráðgjafans og fjölskyldunnar
í þessum erfiðu barnaverndar-
málum? Oftast nær mætum við

verulegri mótspyrnu af hálfu for-
eldranna sem eru andsnúnir því að
hleypa fagfólki inn í fjölskylduna
til að veða og meta hæfni þeirra til
að annast barnið eða önnur atriði
í fjölskyldulffinu sem telja má
vafasöm fyrir barnið. Foreldrum
finnst sér ógnad og oft með réttu því
að yfir þeim vofir sú hættu að barnið
verði tekið af heimilinu. Oft er
um félagslega veikburða ein-
staklinga að ræða, sem finna sárt til
hjálparleysis gagnvart kerfinu, sem
hefur oft reynst þeim illa. Þeir vita
heldur ekki hvernig þeir eiga að
standa á rétti sínum, hafa minni-
máttarkennd og vilja vernd gegn
öllu sem grefur undan stöðu þeirra
í eigin augum og samfélagsins.
Sennilega er látt talið jafn niður-
lægjandi og þvingunarafskipti
barnaverndarnefnda. Þó að félags-
ráðgjafinn óski þess heilshugar að
hjálpa fjölskyldunni streitist hún
af öllu afli gegn afskiptum og vill
fá að vera í friði.

Lög um vernd barna og ungmenna
leggja hins vegar félagsráðgjafanum
þá skyldu á herðar að fara inn á
heimilið, kanna aðstæður, veða og
meta og draga ályktanir og, ef
aðstæður leyfa, reyna eftir mætti að
koma af stað breytingum, stundum
þvert á yfirlýstan vilja og óskir
fjölskyldunnar. Markvissar aðgerð-
ir, sem miða að breytingum á
aðstæðum barnsins og fjölskyld-
unnar, eru tilgangur afskiptanna
hvort sem um er að ræða að barnið
verði áfram heima eða verði tekið
af heimilinu.

Mat á árangri, stýring og eftirlit er
óhjákvæmilegur þáttur í barna-
verndarstarfi sem hefur breytingar
að markmiði. Ég mun hér á eftir
greina frá hugmyndum um breyt-
ingar á lögum um vernd barna og
ungmenna sem gera þessar skyldur
ótvífræðari.

Lykilatriði í allri meðferðarvinnu
er vilji skjólstaðings, sjúklings eða

nemanda til breytinga. Venjulega
byggir meðferð á fúsum og frjálsum
vilja. Samvinna og ósk um aðstoð
eru venjulegast álitnar æskilegasti
útgangspunkturinn og stundum
alger forsenda árangurs. Venjulega
er lítið svo á að meðferðarstarf sé
komið undir gagnkvæmu trausti og
trúnaði auk gagnkvæmrar virð-
ingar, viðurkenningar og trúar á
möguleika og getu beggja aðila.
Þagnarskylda og trúnaður eru
mikilvægir þættir í starfinu eins og
þegar hefur verið bent á hér að
framan.

Er nokkur von til að hægt sé að
sameina meðferð og barnaverndar-
starf þar sem oft þarf að þvinga sig
inn á fjölskylduna, ef svo má að
orði komast? Er hægt að koma af
stað breytingum í andsnúinni og
jafnvel fjandsamlegri fjölskyldu ef
samvinna og trúnaður eru forsenda
þeirra? Er hægt að bera virðingu
fyrir foreldrum sem vanrækja börn
sín og fara illa með þau? Er hægt
að ávinna sér traust fjölskyldu sem
veit að hún er undir eftirliti og á
jafnvel á hættu að börnin verði tekin
af heimilinu ef allar staðreyndir
málsins eru dregnar fram í dags-
ljósið?

Þessu er hægt að svara játandi,
þetta er hægt, reynslan sýnir það en
hún sýnir líka að það er mjög erfið.

Í grein eftir Vigdís Bunkholt sál-
fræðing og kennara margra norsk-
menntaðra félagsráðgjafa, sem
birtist í Sosionomen 1984¹⁰⁾ legg-
ur hún áherslu á að félagsráðgjafinn
noti lögin og þann ramma sem þau
setja um samskipti félagsráðgjaf-
ans og skjólstaðingsins. Lög um
vernd barna og ungmenna skylda
starfsmanninn til afskipta og for-
eldrana til að sæta afskiptum.
Hvorugur aðillinn getur skotið sér
undan. Að þessu leyti eru þeir á
sama báti. Oft er hægt undir þess-
um formerkjum að gera það að
sameiginlegu markmiði foreldra og

félagsráðgjafa að bæta aðstæður barnsins.

Lögin krefjast þess beint eða óbeint að við „ráðskumst með“ fólk og að breytingar eigi sér stað. Mikilvægt er að fela ekki eða dulbúa þessa staðreynd heldur skilgreina samskiptin innan rammans sem lögin setja. Lögin krefjast lausna á þeim vandamálum sem stöðja að barninu, lausna sem eru áþreifanlegar og hversdagslegar. Það getur aldrei verið lausn að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem lögin krefjast af starfsmanni og foreldrum.

Lögin eru nauðsynleg forsenda þess að starfið takist en engan veginn nægjanleg. Ég hef þegar haldið því fram að valdbeiting sé óhjákvæmileg, hún þurfi að vera opin ef hún á að þjóna tilgangi sínum og byggjast á skýrum lagaskyldum og heimildum. Ég held því ekki fram að jákvæðar breytingar verði vegna valdbeitingarinnar heldur vegna þess að innan rammans sem lögin setja sé hægt að skapa traust, tiltrú á tilgang með breytingunum.³⁰

Ný barnaverndarlög

Undanfarin tvö ár hefur þriggja manna nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins unnið að endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna. Of langt mál yrði að fjalla ítarlega um þau drög sem eru að komast á koppinn og hefur að nokkru verið sagt frá í fjölmiðlum. Ég vil þó leggja áherslu á örfá lykilmáttíðni sem nefndin hefur haft að leiðarljósi.

1. Talið er að sérstök barnaverndarlög tryggja betur rétt þeirra barna, er sæta illri meðferð, heldur en sérkaflí í almennum félagsmálalögum.

2. Með því móti er unnt að hafa lögin skýrari, skiljanlegri og beinskeyttari.

3. Lögin hafi raunhæft markmið. Fremur en krefjast hamingju öllum til handa setjum við okkur það markmið að tryggja að allir búi við viðunandi eða nægilega góðar aðstæður.

4. Megingildi laganna eru hugtök-in „barninu fyrir bestu“ og „stöðugleiki“.

5. Reynt er að skilgreina forsendur fyrir afskiptum yfirvalda og tekið mið af þörfum barnsins fremur en einkennum foreldra.

6. Rannsóknarskylda barnaverndarnefndar er ótvífræð svo og skylda foreldra til samvinnu við rannsókn máls.

7. Barnaverndarnefnd er skylt að gera skýra áætlun til úrbóta og vinna út frá markmiðum.

8. Reynt verði að tryggja betur réttaröryggi fólks með miklu skýrari ákvæðum um málsmeðferð.³¹

Vald og mildi

Það er einkum tvennt í þessu frumvarpi sem gæti gert tillögu Vigdísar Bunkholt um hlutverk laganna í barnaverndarvinnu raunhæfa. Annars vegar eru það ákvæði um skyldu barnaverndarnefndar til að kanna mál og skyldu foreldra til að sæta afskiptum og hins vegar ákvæði, sem setja valdi nefndar og starfsmanns skorður, þ.e. málsmeðferðarkafinn.

Hið síðarnefnda kallar á nokkra útlístun. Ég gat þess hér að framan að grunur minn væri sá að félagsráðgjafar og barnaverndarnefndir ætluðu félagsráðgjafanum oft ríkið og máttinn í úrskurðarmálum og e.t.v. ætlaði félagsráðgjafinn sér dýrðina líka. Hætt er við að sú verði

ekki raunin. Ég tel að meðvituð og rétt notkun málsmeðferðarákvæðanna sé mikilvæg í þessu efni. Hún eykur tiltrú skjólstæðingsins, yfir undir opnari og hreinskilnari samskipti og auðveldar félagsráðgjafanum því vinnuna. Málsmeðferðarákvæðin rétta af þá skekkju sem valdsmannsfmyndin felur í sér. Rétt áhersla á þessi ákvæði krefst þess í raun að félagsráðgjafinn tileinki sér ekki fmynd valdsmannsins.

Joan Solheim hefur búið til líkan þar sem hún setur ólík viðhorf og stöðu ýmissa starfshópa upp á skala³². Þessar andhverfur í starfinu má kalla mildi annars vegar og vald hins vegar. Hugmyndin er sú að þeir sem hafa afskipti af fólki þurfi á hvoru tveggja að halda en í mismiklum mæli þó.

Mildi	Ákveðni	Vald
(Sveigjanleiki)		
sálgreinaði sálfræðingar	félagsráðgjafar í barnaverndarmálum	dómarar löggur
félagsráðgjafar ráðgjafar	barnalæknar ungbarnaeftirlit o.fl.	lögmann skilræðis-efirlit

Mildi tákna hér viðhorf skilnings og umhyggju, tilfinningar, að glæða vöxt og veita stuðning.

Vald er skilgreint nánast eins og hjá Weber: Til þess að koma vilja sínum eða skyldu í verk stjórnari annar aðilinn beinlínis gjörðum hins með þeim meðulum sem hann hefur rétt til að beita.

Ákveðni. Félagsráðgjafinn sýnir raunsæi og hagkvæmni, hann beitir raunhæfum úrreðum, er hreinskilinn, býr yfir þoli gagnvart reiði og er nógu sveigjanlegur til að skilja í senn aðstöðu barns og tilfinningar foreldra. Skv. þessu er hvorugur endi skalans réttur eða rangur í sjálfu sér en réttmætið ræðst af starfssviði og aðstæðum hverju sinni.

Hlutverk og tilfinningar

Ég hef getið þess áður að breytingar verði ekki vegna valdbeitingar heldur vegna þess að tekist hefur að skapa traust eða tiltrú á tilgang með þeim. Í slíku andrúmslofti geta stýring, efurlit og mat á árangri orðið jákvæðar aðgerðir vegna þess að þær eru ekki vopn gegn foreldrunum heldur aðferð til að ná tilteknum árangri sem er barninu fyrir bestu, barni sem flestum skjólstaðingum þykir raunverulega mjög vænt um.

Þó eru auðvitað til foreldrar sem eru svo gjörnsneyddir innsæi í þarfir barna sinna að nauðsynlegar breytingar geta ekki orðið nema gegn vilja þeirra.

Í fyrmefndri grein leggur Vigdís Bunkholt mikla áherslu á að starfsmenn takist meðvitað á við eigin

viðhorf og tilfinningar í barnaverndarvinnu. Sama gerir Bengt Börjesson í grein í Nordisk Sosialt Arbeid um tilfinningalegt álag félagsráðgjafans í barnaverndarmálum.¹³⁾ Því miður er ekki til nein einföld uppskrift. Þekking á verksviðinu, skilningur á lögunum og beitingu þeirra og innsæi í eigin tilfinningaviðbrögð eru grundvallaratriði og því verður að leggja áherslu á handleiðslu.

Fyrmefnd Joan Solheim virðist góð í grafískum uppsetningum og hefur teiknað fróðlegan þrífyrming um samband tilfinninga og hlutverka¹⁴⁾ sem mér sýnist geta verið gagnlegur, t.d. í handleiðslu. Forsendan, sem hún gengur út frá og ég þekki af eigin raun, er að félagsráðgjafinn upplifi tilfinningar sem samsvara tilfinningum annarra sem hlut eiga að barnaverndarmáli:

Við ýmsar aðstæður kennum við hjálparleysi á sama hátt og fórnarlamb, við aðrar aðstæður verðum við reið, árásgjörm eða ósveigjanleg eins og gerandinn. Markmið okkar er að halda okkur sem næst homi félagsráðgjafans bæði með því að og til þess að vera sveigjanleg, opin og hlutlæg gagnvart þörfum og vandamálum beggja hinna aðila þrífyrmingaátakanna; fórnarlambins og gerandans.

Ég hygg að öll reynsla sýni að slík tilfinningaleg reynsla er óhjákvæmileg í meðferð barnaverndarmála. Ég vil halda því fram að hún sé líka nauðsynleg einfaldlega vegna þess að breytingum á aðstæðum barna verður ekki komið á með valdinu einu saman. Til þess þarf meðferðarviðhorf, faglegt sjálfstæði og myndugleika. Félagsráðgjafar eru, vegna menntunar sinnar og undirbúnings, betur færir um að sinna þessari vinnu en aðrar stéttir. Ég ætla hins vegar ekki að ljúka umræðu heldur opna hana en næsti kafli gæti fjallað um hvaða aðstæður þarf að skapa og viðhalda til að þetta verk sé vinnandi.

Samband tilfinninga og hlutverka (Joan Solheim)

a) Félagsráðgjafi	b) Fórnarlamb	c) Gerandi
sveigjanlegur	í afturför	ósveigjanlegur
opin	hjálparlaust	ráðríkur
hlutlægur	vonlaust	árásargjarn
vongóður	þunglynt	reiður
skilningsgóður	óframfærið	svekkur
hjálpssamur	óttaslegið	í uppnámi
gefandi	bugað	er misboðið
	þurfandi	ógnandi

a) félagsráðgjafi

b) fórnarlamb

c) gerandi

Tilvitnanir

1. Max Weber: Makt og byrkrati. (Bl. 53). Gyldendal Norsk Forlag, Oslo 1971.
2. Sjá m.a. Guðrún Kristinsdóttir: Professionalisering og börneværnsarbeide í Nordisk socialt arbeid nr. 1, 8. árg. 1988 og Formelle og uformelle indsæter – om udvikling og forendring í islandsk børneværn, fjölritaður fyrirlestur á norrænu barnaverndarþingi í Reykjavík 1988, Barnaverndarráð Íslands 1989.
3. Guðjón Bjarnason, Sigurður J. Grétarsson: „Störf sálfræðinga fyrir barnaverndaryfirvöld“. Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands 1. tbl. 10. árg., apríl 1988.
4. Sjá m.a. Gunnar M. Sandholt: Fagleg þekking í félagsþjónustunni í Félagsleg þjónusta undanfarið og framundan. Fréðslur nr. 3, 1985. Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. Sjá G. Esposito og M. Fine: The Field of Child Welfare as a World of Work í J. Laird og A. Hartman (eds.) A Handbook of Child Welfare, The Free Press, New York, 1985.
6. W. Holder, C. Mohr (eds.): Helping in the Child Protective Services, A Casework Handbook, The American Humane, Denver, 1980.
7. Fein et al, 1984, sjá Maluccio, Fein, Olmstead: Permanency Planning for Children. Concepts and Methods. Tavistock Publ. 1986.
8. Sjá einnig Guðjón Bjarnason et al. Op. cit.
9. Vigdís Bunkholt: Tvang eller behandling? Sosionomen nr. 7, 29. árg. 1984.
10. Eftir að þetta erindi var flutt á Hótel KEA birtist grein eftir Klíkkan Ustvedt Christiansen í Tidskriftet Norges Barnevern árg. 67, 1990, 1. töl.: Sosialarbeider og klient - er samarbeid mulig? Sú grein fjallar af skærskyggni um samvinnu félagsráðgjafa og skjólstaðinga í barnaverndarmálum. Samvinna krefst sameiginlegra hagsmuna, hér sameiginlegra mörkmiða og leiða til að líðsima barninu sem í hlut á. Barnið er aðalpersóna málsins en líta ber á foreldra og fjölskyldu sem aukaaðila eða „meðhjálpara“. Höfundur varar við of mikilli áherslu á jákvæð samvinnutengsl við foreldra á kostnað barnsins.
11. Frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna. Lagt fram á Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989-90.
12. Joan Senzek Solheim: Independent Assessment of Child Protective Casework as Malpractice Prevention, í Holder og Hayes, eds.: Malpractice and Liability in Child Protective Services, The American Humane Association, Bookmakers Guild, Inc. Colorado, 1984.
13. Bengt Børjeson: Om den sociala barnomsorgen och om socialarbetarnas psykologiska arbetssituation, Nord. soc. arb. 1981, 1. árg. nr. 4. og Om den sociala barnomsorgen - utvägar ur et dilemma, Nordisk soc. arb. 1981, 1. árg. nr. 3.
14. Joan Solheim, op. cit. 1.

Starf félagsráðgjafa á landsbyggðinni Frá Akureyri

Guðrún Frimannsdóttir, deildarstjóri ráðgjafardeildar
Félagsmálastofnunar Akureyrar



Starf félagsráðgjafa úti á landsbyggðinni er að sjálfsögðu jafn margbreytilegt og á höfuðborgarsvæðinu og er ætlunin að gefa fólki nokkra innsýn í störf og starfsaðstöðu okkar sem vinnum á norðausturhorni landsins.

Ég hef tekið að mér að segja frá því hvernig starfi félagsráðgjafa á Félagsmálastofnun Akureyrar er háttað. Ég hóf störf þar árið 1978 sem ritari og vann við það í eitt ár en kom svo til starfa á ný haustið 1984 þá útskrifuð sem félagsráðgjafi frá Þrándheimi. Þar hafði ég starfað í tvö ár að námi loknu áður en heim var haldið.

Haustið 1984 urðu nokkur manna-skipti á Félagsmálastofnun Akureyrar en þá hófum ég og Guðrún Sigurðardóttir störf þar á sama tíma og vorum einu félagsráðgjafarnir á stofnuninni næstu fjögur árin að undanskildum nokkrum mánuðum er þriðji félagsráðgjafinn starfaði þar. Sl. haust fór ég í barnseignarfrí og áframhaldandi launalaust leyfi fram á næsta sumar og er því heimavinnandi húsmóðir um þessar mundir. Við Guðrún Sigurðardóttir unnum mikið og vel saman að okkar mati þau fjögur ár sem við vorum samtímis á Félagsmálastofnun og mun ég hér í dag segja frá reynslu okkar af því starfi. Ég vil taka þetta sérstaklega fram í upphafi því að nú eru starfandi félags-

ráðgjafar á stofnuninni sem ég hef ekki unnið með og veit því ekki hvort þeir upplifa aðstæður á sama hátt og við nöfnumar en óneitanlega léttu sú góða samvinna sem við áttum okkur störfin mikið og gerði okkur lífið bærilegt þegar verstu hviðurnar af þungum málum gengu yfir.

Eins og bæjarstjórinn upplýsti í gærkveldi hafa nýverið átt sér stað skipulagsbreytingar hjá Akureyrarbæ og samkvæmt þeim er nú ekki til neitt sem heitir Félagsmálastofnun lengur en komin ráðgjafardeild í hennar stað. Ráðgjafardeildin fer með málefni barnavemdar, framfærslu, úthlutun leiguhúsnæðis, atvinnumál fatlaðra, almenna atvinnumiðlun og ráðgjöf. Hún er til húsa í miðbænum uppi á þriðju hæð í húsnæði án lyftu. Það var tekið í notkun fyrir tæpu ári og er hið vistlegasta á allan hátt, eini ókosturinn er lyftuleysið sem vissulega er bagalegt.

Deildarstjóri ráðgjafardeildar er félagsráðgjafi og þar að auki er ein og hálf ráðgjafastaða og ein staða sálfræðings við deildina. Mjög erfiðlega hefur gengið að manna stöður ráðgjafa og sama má segja um stöðu sálfræðings en hann var loks ráðinn sl. haust eftir langa bið. Mér er það nokkurt undrunarefni hversu erfiðlega gengur að fá fólk til starfa. Að vísu er verið að fást

við erfið mál á Félagsmálastofnun, eins og reyndar víðast hvar þar sem unnið er við persónuleg vandamál fólks, en vinnustaðurinn er góður og yfirmaðurinn, Jón Björnsson, mjög mikilhæfur og eftirsjá í því að hann skuli fara í ársleyfi um næstu áramót. Hér er gott að búa, mannlífið ljúft og staðurinn ákjósanlegur fyrir þá sem eru að ala upp börn. Á ráðgjafardeildinni eru nú tíu starfsmenn, sumir í hlutastörfum, aðrir í fullu starfi. Slíkt fá-menni á vinnustað hefur bæði kosti og galla, nálægðin milli fólks verður nokkuð mikil og auðvelt að ergja sig hver á öðrum ef því er að skipta og jafnframt vita menn oftast hvað hinir eru að fást við frá degi til dags þótt ekki sé til þess ætlast.

Hægt er að spara sér mikinn tíma og óþarfa fundasetur ef menn nýta sér hve vinnustaðurinn er líftill. Starfsmenn þurfa þá ekki að vera með óþarfa formfestu en geta litid inn hver hjá öðrum og rætt málineinmitt þegar þau ber hæst í stað þess að bíða næsta dags eftir fundi.

Við teljum að ráðgjafardeildin sé þjónusta við bæjarbúa og leggjum því mikla áherslu á að fólk geti nýtt sér hana fljótt og vel. Við reynum að halda fundahöldum í lágmarki en bjóða fólki í staðinn upp á viðtöl án biðtíma. Við erum til fyrir fólkið – en fólkið ekki fyrir okkur.

Auðvitað fer svo alltaf drjúgur tími í fundi hér og þar sem ekki er hægt að komast hjá. Við höfum t.d. fasta samvinnu við ýmsa aðila í bænum, svo sem sálfræðideild skóla, geðdeild, heimilislækna og ungbarnaefirlitið og höldum mánaðarlega fundi með þeim en reynum að senda bara einn starfsmann á hvern fund ef þess er kostur. Þessi samvinna hefur verið mjög gagnleg og stuðlað að betri meðferð mála.

Ekki má gleyma félagsmálaráði sem fundar vikulega en félagsráðgjafar sitja fundi þess þegar mál deildarinnar eru á dagskrá. Eftir því sem líður á kjörtímabilið verða samskipti fólks persónulegri og óformlegri og má nefna sem dæmi að formaður félagsmálaráðs hafði þann hátt á heilt kjörtímabil að boða félagsmálastjóra vikulega heim til sín til að fara yfir efni næsta fundar og var þar boðið upp á heita eplaköku og rjóma. Eftir því sem ég best veit hefur félagsmálastjóri ekki borðað eplaköku eftir að þessu kjörtímabili lauk.

Úrræði ráðgjafardeildarinnar í meðferð mála eru af ýmsum toga og má þar m.a. nefna að deildin hefur 76 sbúðir til úthlutunar sem nýtast oft vel fólki sem á við tímabundna erfiðleika að stríða. Einnig kemur fyrir að fólk fær slskar sbúðir til frambúðar, t.d. gamalt fólk. Á Akureyri er geðdeild sem við höfum góða samvinnu við og göngu- deildarþjónusta á vegum norðan- deildar SÁÁ hefur verið starfrækt undanfarið eitt ár og var brýn þörf fyrir hana.

Ráðgjafardeildin hefur í samvinnu við fleiri aðila komið á laggimar starfsskóla eða endurhæfingu fyrir fullorðna sem einhverra hluta vegna ráða ekki við að takast einir á við lífið. Starfsemin fer fram í sbúð í eigu bæjarins þar sem er pláss fyrir sex einstaklinga, þriðja starfsárið er hafið og árangur hingað til lofar

góðu. Svona mætti telja áfram því að ýmis úrræði eru fyrir hendi ef vel er leitað og ekki veigrað sér við að prófa nýjar leiðir.

Það er fyrst og fremst í barnaverndarmálum sem reynt hefur á hugmyndaflug og kjark okkar starfsmannanna til að reyna óhefðbundnar leiðir til úrlausnar því að í þeim málaflokki er ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar úrræði af hálfu hins opinbera. Hins vegar má geta þess að hér á svæðinu, bæði í bænum og nágrennanabyggðunum, býr margt úrvals fólk sem hefur verið tilbúið til að leggja ráðgjafardeildinni lið í ýmsum málum. Flest þessara mála hafa verið erfið viðfangs og því reynt verulega á hæfni fólks og oftar en ekki hefur tekist mjög vel til.

Í jafn litlu samfélagi og Akureyri þekkest fólk gjarnan eða veit hvert af öðru. Mér hefur þótt styrkur í því þegar um barnaverndarmál er að ræða, maður kannast e.t.v. við ættingja fjölskyldunnar, sem verið er að vinna með, og veit hvort einhvern stuðning er þar að fá eða ekki. Vegna þessa hafa ættingjar oft veitt fjölskyldunni, sem málið snýst um, mjög góðan stuðning en hefðu að öðrum kosti ekki vitað hvað um var að vera. Svona úrræði eru sveitarfélaginu að kostnaðarlausu í langflestum tilvikum og auk þess eiga skjólstæðingarnir auðveldara með að sætta sig við þau.

Úr því verið er að tala um úrræði í barnaverndarmálum er ekki hægt annað en segja frá því að í nokkur skipti er óvænt útköll hafa átt sér stað að næturlagi hefur eina úrræðið verið að taka litla anga eða jafnvel unglinga með sér heim og hlúa þar að þeim til næsta dags. Við höfum ekkert meðferðarheimili eða fósturfjölskyldur sem hægt er að leita til við slskar aðstæður, einungis barnadeild Fjórðungssjúkrahússins sem hefur takmarkað rými.

Smæð samfélagsins hér veður því að starfsmenn rekast á skjólstæðinga sína á ýmsum stöðum, t.d. á leikvellingum, í búðinni, í fjallinu og á skemmtistöðum. Þetta hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Það er jákvætt að hitta skjólstæðinga við aðrar aðstæður en í viðtali á skrifstofunni eða í heimsókn á heimili þeirra og gefur betri heildarmynd af aðstæðum. Neikvæði þátturinn er hins vegar sá að þegar vinnudegi lýkur og við viljum gjarnan losna frá vinnunni og fara að sinna því sem snýr að okkur persónulega getur það oft reynst erfitt.

Félagsmálastofnun hefur verið nokkuð á milli tannanna á fólki hér í bæjarfélaginu vegna örrar uppbyggingar sem mörgum finnst nóg um. Fólk sem ekkert þekkir til starfa okkar er með fordóma og leiðindi í garð starfsmanna ef tækifæri gefast til, t.d. á skemmtistöðum eftir að búð er að kynda undir kjarkinum með nokkrum glösum.

Fólk í bænum getur auðveldlega fylgst með ýmsum þeim störfum sem unnin eru á ráðgjafardeildinni, svo sem úthlutunum sbúða, fjárhagsaðstoð og ýmsum barnaverndarafskiptum. Ekki eru allir sáttir við meðferð mála eins og gengur og finnst nauðsynlegt að koma skoðun sinni á framfæri og er hún gjarnan sú eina rétta. Þá skipta staður og stund ekki alltaf máli, ósjaldan hefur húsið heima hjá mér t.d. verið barið utan og síminn hringt um nætur þegar fólk hefur fundið hjá sér þörf til að losa um málbeinið.

Ósjaldan eru skjólstæðingar mínir gömul skólasystkin, fermingar- systkin eða foreldrar okkar hafa verið kunningjar. Mér finnst erfitt að fást við þess háttar tengsl, sérstaklega utan stofnunarinnar þegar skjólstæðingurinn höfðar til gamals kunningsskapar og þá gjarnan á

kostnað málsmeðferðarinnar. Einnig finnst mér erfitt þegar skjólstæðingur vill gefa mér gjafir máli sínu til framdráttar. Í því sambandi dettur mér í hug mjög erfitt forsjárdeila sem við Guðrún unnum í sameiningu. Við vorum báðar nýkomnar í bæinn og vorum að koma okkur fyrir á heimilum okkar, dytta að bæði utan húss og innan. Þá birtust óvænt amma og afi barnsins, er deilan stóð um, með reiðinnar býsni af útblómum, sjaldgæfum, fjörlærum plöntum sem þau vildu gefa okkur í garðana okkar. Reynsluleysi og einhverskonar kurteis komu í veg fyrir að við afþökkuðum blómin og eru þessi blessuð blóm enn í garðinum mínum, mér til hálfgerðra leiðinda, en nafna mín losnaði fljótlega við sín þar eð þau drápu af einhverjum ástæðum.

Ég hef hér að framan verið að reyna að koma því á framfæri að í svona litlu samfélagi verðum við, starfsmenn þessa málaflökks, auðveldlega fyrir ýmiskonar aðkasti utan vinnutíma og á það því miður einnig við um maka, börn og jafnvel foreldra og systkini séu þau búsett á staðnum.

Upphaf þeirra umræðna, sem hafa þróast í að við sitjum hér saman fimmtíu félagsráðgjafar, var það að við á ráðgjafardeildinni höfum verið mjög ósáttar við hvernig HÍ hefur staðið að verknámi í félagsráðgjöf. Ég held því fram að þar sé verið að mennta félagsráðgjafa fyrir höfuðborgarsvæðið en ekki landsbyggðina. Ástæðan fyrir þessari sköðun minni er sú reynsla sem við höfum fengið á undanförmum fjórum árum sem verknámskennarar.

Þrívégis á sl. fimm árum hefur verið leitað til ráðgjafardeildarinnar og þess óskað að við tækjum annars árs nema og gerðum við það í öll skiptin. Enginn þessara nema hafði verið hvattur af kennurum HÍ til að

fara út á land, allir höfðu þeir óskað þess sjálfir. Slík ákvörðun hefur oftast mikil aukaútgjöld í för með sér fyrir nemana sem HÍ tekur engan þátt í. Oft þurfa þeir að greiða rekstur á tveimur íbúðum auk þess sem þeim er ætlað að mæta á sameiginlegan nemafund í Reykjavík á meðan á verknámi stendur. Eins og þeir vita, sem hafa haft nema, eru sameiginlegir verknámskennarafundir haldnir í Reykjavík og auk þess er vinnustaður nemans heim-sóttur á verknámstímabilinu.

Þegar ég tók nema í fyrsta sinn árið 1985 átti ekki að greiða fyrir mig kostnað við ferðir á sameiginlegan fund verknámskennara og látið að því liggja að það væri aukaatriði hvort ég kæmi eða ekki. Einnig var óljóst hvort tími mundi vinnast til að kennari frá HÍ kæmi norður til okkar. Ég þurfti að vera með hálfgerð leiðindi til að fá það í gegn að við sætum við sama borð og verknámskennarar á Reykjavíkarsvæðinu. Í seinni skiptin tvö sem við höfum haft nema hefur samvinnan við Háskólann gengið mun betur en þó hafa þessi atriði ekki verið frágengin og við þurfti að setja það sem skilyrði fyrir því að taka nema að fyrir lægi hvort við yrðum heimsótt norður og greitt undir okkur suður.

Á meðan þannig er staðið að málum hjá HÍ að nemar eru ekki hvattir til að fara út á land né verknámskennurum þar gert kleift að taka nema stend ég fast á því að HÍ sé einungis að mennta félagsráðgjafa fyrir höfuðborgarsvæðið. Þetta er mjög miður, Háskólinn er eign okkar allra og við hér úti á landsbyggðinni erum í stöðugri baráttu með að manna ýmsar stöður sem krefjast háskólamenntunar. Tveir af þeim þremur nemum sem hafa verið á ráðgjafardeildinni undanfarin fimm ár hafa komið til starfa á stofnuninni. Við viljum því beina þeim óskum til kennara Háskólans, sem

hafa umsjón með námi félagsráðgjafa, að þeir hvetji nema til að fara út á land í verknám. Það er ekki síður lærdómsríkt en að vera í Reykjavík og bæði neminn og við verknámskennaramir ættum að sitja við sama borð og aðrir í sömu aðstöðu. Ég vil svo aðeins bæta því við að vonandi er það bara tilviljun að hingað hafa einungis verið sendir annars árs nemar en aldrei komið beiðni um að við tækjum fjórða árs nema.

Það er varla viðeigandi að tala um félagsráðgjafa á landsbyggðinni án þess að koma ofurlítið inn á hugtakið fagmennska sem félagsráðgjafar taka sér sennilega oftast í munn en flestar aðrar stéttir. Að mínu mati erum við félagsráðgjafar stétt sem er afskaplega óörugg með sig. Við erum óörugg um hvað við vitum og kunnum. Í grunnmenntun okkar höfum við fengið mismikið innsæi í ýmis fög, svo sem lögfræði, félagsfræði og sálfræði auk þess sem við höfum tvö verknámstímabil að baki. Þrátt fyrir þetta getum við ekki með góðri samvisku sagt að við séum sérfróð í neinu þessara faga en kunnum sitt lítið af hverju. Við erum því engir sérfræðingar þegar við ljúkum námi úr félagsráðgjöf en höfum öðlast ákveðinn grunn sem er nauðsynlegur til að byggja á þegar við förum svo að vinna sem félagsráðgjafar.

Mér hefur fundist þetta óöryggi, sem ég nefndi hér áðan, vera eitt aðaleinkenni félagsráðgjafa, hvort heldur þeir koma ofan úr afdal eða frá sjálfri höfuðborginni. Með þessu á ég við að við félagsráðgjafar höfum mikla þörf fyrir að segja hver öðrum og ekki síður öðrum stéttum hvað við séum fær til verka og biðjum um að faglegru kunnáttu okkar sé sýnd virðing og við virt sem fagfólk. Við notum gjarnan allskonar fin fagorð, sem sum okkar skilja jafnvel ekki sjálf, og haldnir eru ótrúlegustu fundir á vinnu-